



3 . t b l . 4 0 . á r g . j ú n í . 2 0 0 5

Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar




Bylting á stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar




bls.3

Borgarstjóri á fundi



bls.4-6

Birna kvödd



bls. 12-13

Leikskóla Reykjavíkur



bls.14-16

Palestína heimsótt

Borgarstjóri á fulltrúaráðsfundi St.Rv.



Á fjölmennum fulltrúaráðsfundi, 7. apríl s.l. var aðalefni fundarins umfjöllun um þær stjórnkerfisbreytingar, sem standa fyrir dyrum hjá Reykjavíkurborg.

Á fundinn mættu Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri, Helga Jónsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Ragnar Þorsteinsson, Eiríkur Hjálmarsson og Ágúst Hrafnkelsson.

Framsögu fluttu Steinunn Valdís, Helga Jónsdóttir og Birgir Björn.

Þau skýrðu frá þeim skipulagsbreytingum, sem standa yfir hjá borginni og þá sérstaklega varðandi bóhaldsþjónustu og launaafgreiðslur, sem ráðgert er nú að

gera meira miðlæga.

Samþykktar hafa verið tillögur Stjórnkerfisnefndar, sem miða að því að einfalda stjórnkerfið með samsvörun nefnda og stjórnsýslunnar, skýra ábyrgðarsvið, hraða málsmeðferð og auka skilvirkni. Gera stöðu borgarstjórnar skýrari og borgarstjórnarfundum markvissari, auka á lýðræðisleg vinnubrögð og samráð til að stuðla að jafnræði og gagnsæi í borgarkerfinu.

Fram kom í máli þeirra að þessar breytingar muni koma til framkvæmda á næstu tveimur árum.

Fréttabréf

Starfsmannafélags
Reykjavíkurborgar
Útgefandi: Starfsmannafélag
Reykjavíkurborgar,
Grettisgötu 89,
105 Reykjavík.
Sími: 525 8330
Fax: 525 8339
Tölvupóstfang: strv@bsrb.is
Heimasíða: www.strv.is
Ábyrgðarmaður: Sjöfn
Ingólfssdóttir.
Ritstjóri: Jakobína
Þórðardóttir
Ritnefnd: Guðjón Indriðason,
Jakobína Þórðardóttir, Örn
Erlendsson og Ragnhildur
Helgadóttir
Umbrot: Jakobína Þórðardóttir
Hönnun: PJE ERR
Prentun: Hjá OSS ehf.
Frágangur: Bókverkinn
Forsíðumynd: Jakobína
Aðrar myndir: Garðar, Jakobína
og Pétur Kristjánsson



Edduhótel um allt land

Eins og undanfarin sumur verða niðurgreiddir miðar á Edduhótelunum fyrir félagsmenn. Verð á gistinóttu er 4000 kr. Miðarnir verða seldir á skrifstofu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, Grettisgötu 89, 3. hæð, og gilda fyrir tveggja manna herbergi með handlaug. Sé óskað eftir herbergi með baði verður að greiða aukalega fyrir það. Leyfilegt er að hafa börn með sér í herbergi, hótelið útvegar dýnur án gjalds en rúmfatnað þarf fólk að koma með. Miðarnir gilda á 15 Edduhótel viðsvegar um landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu. Morgunverður er ekki innifalinn. Þegar keyptar eru veitingar á Edduhótelunum fá börn 0-5 ára frían mat en 6-12 ára greiða hálf gjald.

Edduhótelin eru almennt opin á tímabilinu byrjun júní til ágústloka en þó eru undantekningar á því sem félagsmönnum er bent á að kynna sér sérstaklega hjá starfsmönnum Edduhótelanna í síma 444-4000. Upplýsingar um Edduhótelin er einnig að finna á heimasíðu www.hoteledda.is

Athugið að það er takmarkað upplag af miðum, þannig að þeir verða seldir á meðan upplag endist.

Breytingar hjá Reykjavíkurborg

Ragnhildur Helgadóttir segir frá

Breytingar hjá
Reykjavíkurborg

Nú eru í gangi umfangsmiklar breytingar á stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Markmið breytinganna er að gera þjónustuna og stjórnkerfið aðgengilegra fyrir íbúa og fækka nefndum, skýra ábyrgðarsvið og efla pólitíska stefnumörkun og eftirlit, stuðla að hraðari og skilvirkari málsmeðferð og lýðræðislegum vinnubrögðum.

Í umbótunum felst m.a. að fagsviðum embættismanna borgarinnar hefur verið fækkað í sjö með samsvarendi fastaráðum sem í sitja kjörnir fulltrúar. Sviðin sjö eru: **Menntamálasvið**, **Menningar- og ferðamálasvið**, **Velferðarsvið**, **Íþrótt- og tómstundasvið**, **Framkvæmdasvið**, **Skipulagssvið** og **Umhverfissvið**. Starf borgarritara og borgarlögmans hefur verið lagt niður og stofnað var Stjórnsýslu- og starfsmannasvið sem ber ábyrgð á stjórnsýslueftirliti, lögræðistörfum, jafnréttismálum og starfsþróunarmálum. Að auki eru tvö önnur stöðsvið þ.e. Fjármálasvið og Þjónustu- og rekstrar-svið.

Breytingarnar haldast í hendur við endurskipulagningu á þjónustu Reykjavíkurborgar en sl. vor voru

teknar ákvarðanir um að nútímavæða borgina með stofnun þjónustumiðstöðva í hverfum borgarinnar, stofnun símavers með einu símanúmeri og eflingu vefjar Reykjavíkurborgar. Fyrirspurnum er svarað í einu símanúmeri, einföld erindi afgreidd á netinu og fjölbreytt fjölskylduþjónusta samþætt á þjónustumiðstöðvum.

Að auki hefur verið ákveðið að gera bókhaldsþjónustu og launaafgreiðslu miðlæga en forsenda þeirra breytinga er m.a. að þær leiði til skýrari ábyrgðar og aðgengilegri upplýsinga, eflingar innra eftirlits, markvissari vinnubragða, skilvirkni og hagkvæmni bæði á einstökum sviðum og þar sem miðlægi þjónustu verður komið fyrir.

Starfsmenn

Ljóst er að breytingar í stjórnsýslunni brenna mjög á starfsmönnum um þessar mundir. Með hliðsjón af starfsmannastefnu borgarinnar hefur verið tilkynnt að ekki eigi að fækka störfum né beita uppsögnum. Í tengslum við þessar breytingar hefur verið settur á laggirnar starfbrunnur þar sem auglýst eru þau störf hjá Reykjavíkurborg sem eru

laus til umsóknar. Stofnaður var sérstakur samráðshópur Reykjavíkurborgar og stéttarféлага um starfsmannamál til að tryggja réttindi starfsmanna.

Reykjavíkurborg er fjölmennasti vinnustaður landsins og til að ná til allra starfsmanna borgarinnar skiptir miðlun upplýsinga í breytingarferlinu miklu máli. Synt hefur verið fram á tengsl upplýsingamiðlunar og viðhorfa starfsmanna til breytinga. Það segir sig sjálft að ef viðhorf starfsmanna eru jákvæð þá auðveldar það allt ferlið sem á eftir kemur.

Til að efla upplýsingagjöf um stjórnsýslubreytingarnar enn frekar hefur verið settur á fót tengiliðahópur sem í sitja fulltrúar úr öllum sviðum borgarinnar. Hópurinn hefur það hlutverk að miðla upplýsingum og taka við ábendingum frá starfsfólki. Hópurinn gefur út rafrænt fréttabréf sem hlotið hefur nafnið *Breytingaskeiðið*, sjá rvk.is/innri. Að auki hafa nokkur svið stofnað sérstaka breytingahópa sem hafa m.a. þau markmið að miðla upplýsingum um stöðu breytinganna og svara fyrirspurnum starfsmanna.

Breytingar á húsnæðismálum

Ákveðið hefur verið að **Menntasvið** verði á Frikirkjuvegi 1, en þar hefur Fræðslumiðstöð verið til húsa ásamt námsflokkum Reykjavíkur. **Velferðarsvið** mun flytjast að Tryggvagötu 17 þar sem Leikskólar Reykjavíkur hafa verið. Starfsmenn Leikskólanna flytjast sumir á þjónustumiðstöðvarnar en aðrir á Menntasvið.

Í Síðumúla 39, þar sem aðalskrifstofa Félagsþjónustunnar hefur verið, verður **þjónustumiðstöð Laugardals/Háaleitis**.

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar verður áfram á Hjarðarhaga 45-47.

Þjónustumiðstöð Breiðholts verður að Álfabakka 12, þar sem í dag er borgarhlutaskrifstofa Félagsþjónustunnar, en fær aukið rými. Útibú þeirrar miðstöðvar í Árbænum verður í húsnæði Orkuveitunnar. **Þjónustumiðstöð Miðborgar/Hlíða** verður á Skúlagötu 21 þar sem borgarhlutaskrifstofa Félagsþjónustunnar er í dag. Starfsmenn sem voru á skrifstofu menningarmála, sem nú er hluti af **Menningar- og ferðamálasviði** eru fluttir á Höfuðborgarstofu þar sem sviðið verður.

Birna Stefánsdóttir

-starfsmaður félagsins til rúmlega 30 ára kvödd



Sjöfn formaður, Þórhallur fyrrum formaður St.Rv. og Birna Stefánsdóttir

Birna Stefánsdóttir starfsmaður félagsins til rúmlega þrjátíu ára lét af störfum nú á dögunum.

Kveðjuveisla var haldin henni þar sem góðkunningjar hennar í gegnum árin fengu tækifæri til þess að kveðja. Í tilefni þessa þá hélt Birna kveðjuræðu þar sem hún fór yfir fyrstu árin sín í starfi hjá félaginu. Þar má sjá þær miklu breytingar sem starf innan félagsins hefur tekið. Hér birtum við brot úr ræðu Birnu.

Þetta tækifæri ætla ég nota til að veita ykkur fyrst og fremst innsýn í fyrstu fimm ár mín hjá félaginu og félagsstarfið á þeim árum, það er árin áður en flutt var á Grettisgötuna í apríl 1978. Það gerðist nefnilega ótrúlega margt á þessu 5 ára tímabili.

Ég hverf því aftur til haustsins 1973. Ég er af persónulegum ástæðum að hætta í fullu starfi hjá Barnavinafélaginu Sumargjöf eftir 14 ár og hefja starf hjá Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, sem þá var til húsa í bakhúsi við Tjarnargötu 12 (gamla slökkvistöðin).

Aðstæðurnar þá
Skrifstofan var opin tvo tíma á dag frá 4– 6 og formaðurinn hafði við-

talstíma á mánudögum í eina klst. sem teygðist oft í tvo tíma. Þetta húsnæði hafði borgin veitt félaginu afnot af árið 1966 en fram að þeim tíma hafði það verið á algerum hrakholum með aðsetur fyrir allt félagsstarf. Þessi húsakostur var: Þrjú herbergi, kompa og klósett. Innst var stjórnar- og fundaherbergið, sem var langstærst. Það rúmaði 10 í sæti. Sú stærð hentaði afar vel því stjórnin var skipuð 7 aðalmönnum og þrem til vara. Fram af því herbergi var skrifstofa mín, með skrifborði, þremur stólum og einni hansahilluröð fyrir gögn félagsins. Sá sem hafði með byggingarsamvinnufélagið og lífeyrisjóðslánin að gera hafði aðstöðu í þriðja herberginu og vann hann tvo tíma á dag utan mánudaga.

Félagsmenn

Á þessum tíma voru félagsmenn 1872 í 1740 stöðugildum. Þá voru í félaginu allir faghópar, sem nú hafa fyrir margt löngu stofnað sín eigin Stéttarfélög. Stjórnarfundir voru að jafnaði einu sinni í mánuði, þá í beinu framhaldi af vinnu. Veitingar voru kókflaska úr kókkassanum, sem geymdur var fram í kompu. Á þessum drykk, glöðvolgum dreyptu stjórnarmenn, meðan þungaviktar

ákvarðanir í málefnum félagsins voru teknar. Hér var ekki um ofneyslu að ræða, enda löngu áður en aukakílóin fóru að hlaðast utan á landsmenn, og þeir að frambyggjast. Þó rámar mig aðeins í kexpakka síðari árin, en í afar litlu mæli. Fulltrúaráðsfundi varð af skiljanlegum ástæðum að halda út í bæ.

Félagslífið

Félagslífið var býsna líflegt og ýmsar nefndir starfandi og þær voru mjög virkar. Hápunktur félagsstarfsins var árshátíð félagsins sem haldin var með glæsibrag á hverjum vetri og skemmtinefndir stóðu að með

sóma. Sá háttur var á að borgarstjóri bauð alltaf upp á fordrykk í upphafi hátíðarinnar og áttu borgarstarfsmenn þá saman mjög ánægulegar stundir, sem juku ómælt á gleði og eftirvæntingu hátíðarinnar.

Á þessum fyrstu árum var mikill undirbúningur fyrir 50 ára afmæli félagsins í janúar 1976. Glæsilegt afmælisrit var gefið út í tilefni þess. Ritnefndin var vakin og sofin í verkefninu. Ritstjóri var Björg Einarisdóttir og vinna með henni að þessu mikla verkefni var bæði skemmtilegt og ögrandi. Þetta rit var mikið að vöxtum og vandað í alla staði og félaginu til mikils sóma.

Árshátíð félagsins við þessi tímamót, þ.e. í janúar 1976 var stórglæsileg í alla staði og eftirminnileg öllum sem þar voru. Aðsóknin var gífurleg, veislugestir voru 513. Formenn starfsmannafélaga í höfuðborgum Norðurlandanna sóttu okkur heim af þessu tilefni, færðu félaginu gjafir og fluttu árnaðaróskir frændþjóða okkar handan hafnsins.

Orlofshúsin

Á því herrans ári, 1973 átti félagið eitt sumarhús í Munaðarnesi. Árið 1974 bættust við 5 hús í Stekkjarhólum og ári síðar önnur 5



Margir góðir gestir mættu til þess að kveðja Birnu okkar

í Eyrahlíðinni. Nú voru 11 hús til umræða fyrir félagsmenn. Þessi uppbygging og aðsóknin að húsunum má líkja við byltingu.

Landsmenn þekktu lítið annað en tjöld til að gista í þá farið var í ferðalög. Jafnvel var í mörgum tjöldum ekki einu sinni botn. Og því var ekki furða þótt lýsingin á þessum glæsivillum flygi eins og eldur í sinu um heimsbyggðina – enda varð eftirspurnin eftir því.

Frásagnir um dýrðardvöl var algeng og lýsingar á umgengni á einn veg, það mátti sleikja allt út í horn. Fólk þorði vart að tilla niður fæti í herlegheitin.

Þáverandi vinnuálastjóri borgarinnar sagði mér að hann hafi að sjálfsgöðu farið úr skónum úti, svo dámaði honum dýrðin innandyra.

Til nýmæla var að félagið stóð fyrir fundi með borgarstjóra og forseta borgarstjórnar árið 1976 og sóttu hann 350 manns. Í framhaldi af því voru haldnir 5 stofnanafundir á árunum 1977 og 1978 með forsvarsmönnum borgarinnar, og voru þeir vel sóttir og gáfu góða raun.

Aðalfundur norrænna borgarstarfsmanna var haldinn í júlí 1976 undir forystu félagsins og var þetta í 3ja sinn sem slíkur fundur var haldinn hér. Samtökin höfðu sent myndar-

lega fjárupphæð til uppbyggingarinnar í Vestmannaeyjum og gafst fundarmönnum kostur á að fara þangað að fundarstörfum loknum.

Þá barst félaginu boð árið 1975 frá norrænu Menningarmiðstöðinni í Hässelby slott, sem er sameign höfuðborganna á Norðurlöndum, um orlofsdvöl fyrir fastráðna borgarstarfsmenn. Þetta góða boð þáðu nokkrir borgarstarfsmenn árin á eftir.

Kjarabaráttan

Persónuuppbot í samningum 1974 var algert nýmæli sem fékkst smám saman inn í samninga annarra félaga.

Skilyrðin fyrir henni var fast og fullt starf hjá borginni í samtals 18 ár. Hér lá að baki að launa langa og dygga þjónustu. Upphæðin var þá 20.000.- Og þetta var sko upphæð, sem um munaði.

Mikilvægt baráttumál var í höfn þegar allir lausráðnir borgarstarfsmenn fengu aðgang að lífeyrisjóðnum. Í apríl 1977 fékkst 95 ára reglan viðurkennd til samræmis við ríkisstarfsmenn.

Verkfallsréttur fékkst með lögum þann 17. maí árið 1976. Þáverandi formaður félagsins, Þórhallur Hall-

dórsson, velti síðasta steininum í því áralanga baráttumáli opinberra starfsmanna. Og nú varð heldur betur kátt í Höllinni.

Formanninum þótti þó við hæfi að hafa uppi viðvörðunarorð í Fréttabréfinu sama ár. Hann segir: “Verkfallsrétturinn er enginn töfrasproti, sem sjálfkrafa breytir öllu á betri veg”. Fyrsta verkfall opinberra starfsmanna var háð haustið 1977. Það var mikil generalprufa. Allhörd innbyrðis átök urðu, því miður.

Vinnudeilusjóður félagsins var stofnaður árið 1977.

Æviráðningin var í kjölfar verfallsréttarins felld niður árið 1978. Orlofið lengdist og veikindaréttur jókst.

Árið 1976 – 1977 var ákveðið að fjárfesta í 20% eignarhlut í Félagamiðstöðinni Rauðarárstíg 16.

Kjarasamningar voru tvíþættir, aðal-kjarasamningur og sérkjarasamningur, sem fyrst og fremst var launaflokkaröðun, ásamt bókunum og fleiri ákvæðum sem höfðu oft lítið vægi. Henni tengd var við lýði hjá okkur svokölluð persónuröðun, hálfgerð langavitleysa að mínu mati. Bréf streymdu inn frá félagsmönnum fyrir hverja samninga í von og reyndar vissu um að skrif þeirra dygðu til framfráttar í umræddri röðun. Sjálfsagt var að reyna.

Og ekki má gleyma vísitöludansinum, sem dunaði glatt þessi árin og olli því líkum víxlverkunum.

Krónutölusýkingin var ólæknandi. Kaupmáttar-hugtakið virtist vera af öðrum heimi.

Ég staldra við nokkur starfsheiti sem voru góð og gild á þessum árum. Hlustarstykkjasmiður, skýrsluvélamaður, matseljur, götun, næturhreinun, skrifarar, stjórn sorpvagna og götusópa. Stuttu áður sótarar, umferðamerkir, spjaldritarar og fleira í þeim dúr. Þetta var lífið í þá daga. Já, tíminn faðir okkar allra er fljótur í förum.

Að þessari upptalningu lokinni, get ég svo sannarlega sagt að ég muni

tímana tvenna, enda náð þeim aldri, sem er forsenda þess að geta tekið svo til orða.

Í viðtali við Þórhall Halldórsson, fyrrverandi formann félagsins í afmælisritinu 1976 er hann spurður “Hvað hann sjái fyrir sér til að auka samband forystu og félagsmanna”. Hann segir:

“Aukna félags - og fræðslustarfsemi, félagsheimili og að bjóða upp á einhverja þjónustu sem er eftirsótt af hinum almenna félagsmanni”.

Ég nefni þetta, því hér hjá félaginu er fyrst opnað á þá þróun sem fjöldi félaga hefur unnið að á þessum tæpum 30 árum, sem liðin eru frá því að þessar hugleiðingar eru settar fram, og má segja að þetta sé að nokkru leyti saga félagsins í hnotskurn frá þeim tíma.

Þá vil ég geta þess að ég átti því láni að fagna á þessum árum að taka nokkrum sinnum þátt í samstarfi norrænu bæjar og borgarsamtakanna. Það skilaði mér m.a. vináttusamböndum sem hafa fleygast á margan hátt inn í líf mitt og verið mér ómetanlegt. Ég er afar þakklát félaginu fyrir að hafa opnað mér þennan farveg.

Nýtt húsnæði

Ekki man ég hvenær ég fór að vinna hálfan daginn en alla vega var það nokkru áður en flutt var hér inn á Grettisgötuna og þar með forum við að “moderneserast”. Til að mæta þessari breyttu og auknu starfsemi var Eyþór Fannberg, síðar formaður félagsins, ráðinn í hálfstarf frá sama tíma.

Aðstaðan til allra hluta gerbreyttist, má raunar líkja við byltinguna frá tjöldum til sumarþústaðanna.

Fyrsti fulltrúaráðsfundurinn í eigin húsakynnum var haldinn þann 17. apríl 1978. Og lýk ég nú þessum 5 ára annál mínum.

Hvað ertu að gera í vinnunni?

Ég hef oft verið spurð að því í hverju starf mitt væri fólgið og hvað ég væri eiginlega alltaf að gera. Þá hefur mér nú, þessari málglöðu konu, oft verið tregt tungu að hræra. Ja, bara svona



Ögmundur, Birna og Jón eiginmaður Birnu spjalla saman

allt og ekkert, segi ég, ég sé sjaldnast nokkuð eftir mig, og fólk starir á mig opinmynt. En þetta er dagsatt. Starfið er afar fjölbætt, margbreytilegt og árstíðabundið, en það er eimitt það sem er svo gaman og áhugavert. Hitt er annað mál að það er erfitt að góma staðreyndir í meitlaða stutta skýringu til þeirra, sem eru víðsfjarri slíkri starfsemi, né hafa nokkru sinni hugsað í þeim farvegi.

Ánægjulegasti þátturinn í starfinu eru kynnin af öllum þeim fjölda fólks, sem bæði hefur tekið þátt í fjölbreyttu félagsstarfi á hverjum tíma, stjórn, fultrúaráði, nefndum svo og mörgu samstarfsfólki á stofnunum borgarinnar. Við bætist sá fjöldi félagsmanna, sem komið hefur á skrifstofuna í hinum aðskiljanlegustu erindum. Við sjáum oft daglega ný andlit, margur á hingað erindi. Enginn dagur er eins. Þá vil ég áréttta það sérstaklega, að forsenda þess hve mér hefur liðið vel hér öll þessi ár, og félagið hefur ekki losnað við mig, er samstarfið og vinnuandinn á skrifstofunni sem alla tíð hefur verið á einn veg – á þann veg eins og best verður á kosið.

Ég hef unnið með fjórum formönnum. Það var freistandi að gera þeim nokkur skil en of langt hefði orðið. Samnefari minn um þá er: þeir/þau eru skemmtilega ólík – næstum hlægilega ólík, en að sama skapi afar

hæfileikarík.

Ég hef átt því láni að fagna að eignast þá alla að góðvinum og vægast sagt, margt hef ég af þeim lært, sem ég er afar þakklát fyrir.

Birna kveður

Elskulega samstarfsfólk mitt á skrifstofu félagsins. Nú við starfslok færi ég ykkur öllum, svo og öðrum sem ég hef starfað með, jafnt innan þessa húss sem utan, einlægar þakkir mínar fyrir einstakt samstarf, sem aldrei hefur borið skugga á, svo og fyrir góðar og glaðar stundir fyrr og síðar. Gunni minn, Sjöfn og Ása. Þið hafið þurft að þrauka með mig ár og daga, lungann úr þessum starfstíma mínum. Alla ykkar elskusemi og velvild þakka ég ykkur meira en orð fá lýst. Ég hverf héðan úr starfi með gildan sjóð góðra minninga. Þær minningar vaka og þær minningar eiga eftir að orna um ókomna tíð meðan hugur er heill.

Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar þakka ég einstaka velvild og rausn í minn garð og ég óska félaginu þess að sem flest verði því til vegs og gengis í bráð og lengd.

Að lokum tek ég undir með - Mick Jagger sem kvað forðum *“time waits for no one, and it won't wait for me”*.

Um orlof úr kjarasamningi

Lengd orlofs

Lágmarksorlof skal vera **192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf**. Starfsmaður, sem unnið hefur hluta af fullu starfi eða hluta úr ári, skal fá orlof 16 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf.

Þegar **starfsmaður í vaktavinnu** fer í orlof, skal hann fá óyggjandi upplýsingar um, hvenær hann skuli mæta á vakt að orlofi loknu, og skal þá að jafnaði miða við, að vaktskrá haldist óbreytt.

Starfsmaður, sem náð hefur **30 ára aldri** á því almanaksári, sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fær að auki orlof, sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu.

Starfsmaður, sem náð hefur **38 ára aldri** fær enn að auki orlof, sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu.

Starfsmaður sem þegar hefur áunnið sér rétt umfram það sem getur hér á undan skal halda honum.

Starfsmaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur samkvæmt samningi þessum. Við 30 ára aldur skal hann fá 11,59%. Við 38 ára aldur skal hann fá 13,04%.

Lágmarksupphæð orlofsfjár fyrir fullt orlofsár skal nema 10% af maí mánaðarlaunum orlofstökuársins í 109. launaflokki, 5. þrepi. Lágmarksfjárhæð greiðist þeim sem eru í starfi við lok

orlofsárs og raðast í launaflokk **127 eða neðar**.

1. júní ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl næst á undan fá greidda sérstaka eingreiðslu, **orlofsuppbót**, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Hafi starfsmaður látið af starfi á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða (13 vikna) samfellt starf á orlofsárinu skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé.

Fyrir árið 2005 eru það **kr. 10.400**.

Orlofsárið

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

Sumarorlofstímabil

Tímabil sumarorlofs er frá 15. maí til 30. september.

Starfsmaður á rétt á að fá 160 vinnuskyldustunda orlof sitt á sumarorlofstímabili og allt að fullu orlofi á sama tíma verði því við komið vegna starfa stofnunarinnar.

Sé orlof eða hluti orlofs tekið eftir að sumarorlofstímabili lýkur, skal

Sá hluti orlofsins lengjast um 1/4. Það sama gildir um orlof sem tekið er fyrir sumarorlofstímabil skv. beiðni stofnunar.

Ákvörðun orlofs

Yfirmaður ákveður í samráði við starfsmenn, hvenær orlof skuli veitt. Honum er skylt að verða við óskum starfsmanna um, hvenær orlof skuli veitt, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Yfirmaður skal fá skriflegar óskir starfsmanna um orlofstöku og skal að lokinni könnun á vilja starfsmanna tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir upphaf sumarorlofstímabils, hvenær orlof skuli hefjast, nema sérstakar ástæður hamli. Vetrarorlof skal ákvarðað með minnst eins mánaðar fyrirvara.

Starfsfólk skóla með heilsársráðningu, sem valið hefur “dreifingu” launa skal tilkynna skólastjóra með skriflegum hætti fyrir lok skólaárs á hvaða tímabili, utan starfstíma skólans, það tekur sumarorlof.

Láti starfsmaður hjá líða að tilkynna sumarorlofstöku í samræmi við ákvæði 1. mgr. skal lítið svo á að orlofstaka hefjist frá og með 1. degi eftir að skólastarfi starfsmanns hjá hlutaðeigandi skóla lýkur að vori.

Frátekin og sérmerkt tímabil fyrir feður lengri fæðingarorlof þeirra.

Í febrúar síðastliðnum birtist grein í SKTF-tíðindum, félagsblað samtaka sænskra bæjarstarfsmanna, sem fjallaði um Fæðingarorlof karla á Íslandi. Þar er rætt við félagsmálaráðherra, Árna Magnússon, Ingólf Gíslason hjá Jafnréttismíðstöð Íslands, Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóra og Hallveigu Thordarson hjá Tryggingastofnun. Fréttabréfið fékk Borgþór Kjærnested til þess að þýða greinina og birtum við hana hér.

Foreldraorlof, með þrjá sérmerkta mánuði fyrir feður hefur mælst mjög vel fyrir á Íslandi "Bæjarlífið hefur breyst. Nú sjáum við mun fleiri feður í götulifinu sem ganga með barnavagnana" segir Ingólfur Gíslason, sérfræðingur um jafnrétti.

Af níu fæðingarorlofsmánuðum eru þrjú fráteknir fyrir feður frá því á árinu 2003. Móðirin fær einnig þrjú mánuði, síðan geta foreldrarir skipt á milli sín þremur mánuðum. Viðbrögð feðranna eru alveg skýr. Níu af hverjum tíu feðra tóku fæðingarorlof. Að meðaltali tóku þeir 95 daga til þess að annast barnið sitt.

"Þetta hefur tekist með eindæmum vel og betur en nokkurn gat óráð fyrir" segir Árni Magnússon félagsmálaráðherra.

Ingólfur Gíslason sérfræðingur um jafnrétti tekur undir og segir reynsluna sýna fram á að þeir hafa rangt fyrir sér sem staðhæfi að körlum finnist ókarlmannlegt að annast börnin sín. "Ef menn eiga þennan möguleika, þá notfæra karlmenn sér þennan rétt. Ég vona að þetta verði líka til að jafna fjölskylduábyrgð heima fyrir í framtíðinni", segir hann.

Á stuttum tíma hafa verið gerðar róttækar breytingar á foreldraorlofinu á Íslandi. Fyrir 2001 áttu feður rétt á tveggja vikna orlofi í tengslum við barnsburð. Fæðingarorlofið var sex mánuðir alls.

Þá hófust menn handa við að legja fæðingarorlofið markvisst í níu mánuði á þremur árum. Nýju mánuðirnir voru sérmerktir pöbbumum.

Það ríkti fullkomin samstaða um málið milli allra stjórnmalaflokka og breytingarnar heppnuðust svo vel að Alþingi varð að veita meira fjármagni til Fæðingarorlofssjóðs og setja þak á greiðslur úr sjóðnum.

Ríkisstjórnin setti sér tvö markmið með breytingunum; að gefa börnum lengri tíma með báðum foreldrum sínum og auka jafnréttið í samfélaginu. Árni Magnússon telur að ríkisstjórnin hafi náð báðum markmiðunum.

"En þetta hefði aldrei tekist nema með því að feður hefðu sérstakan rétt til fæðingarorlofs. Hefði foreldrum verið í sjálfsvald sett að skipta orlofinu með sér hefði þessi árangur aldrei náðst" segir ráðherrann.

Árni Magnússon gengur þvert á skoðun kollega síns í Svíþjóð, **Berit Andnor**, en hún telur að foreldrar eigi að skipta fæðingarorlofinu sjálfir á milli sín.

"Það er vegna þess að ekki er hægt að semja um þetta að nálega 90% feðra hafa tekið út þrjú mánuði. Vilji menn ná fram breytingum eru fráteknir mánuðir afgerandi leið" segir hann með áherslu.

Ingólfur Gíslason í Jafnréttismíðstöð Íslands er sama sinnis. "Ég er hissa á að félagsmálaráðherra Svía skuli tala eins og karlar og konur hafi frjálst val, án þess að hafa í huga þau kynbundnu valdahlutföll sem ríkja í samfélaginu. Menn verða að miða við þá þekkingu sem við höfum á stöðu karla og kvenna á vinnumarkaðinum og innan fjölskyldunnar, og gera lagasetninguna þannig úr garði að hún eflir jafnréttið", segir hann og beinir orðum sínum til Berit Andnor.

Menn fá 80% af launum sínum í feðraorlofi og það hefur verið ein af ástæðunum fyrir þessum árangri. Um áramótin var sett þak sem miðast við 600.000 kr á mánuði. Þetta þak er svo hátt að það er aðeins örlítið hlutfall þeirra tekjuhæstu sem verða fyrir lækkun.

Eitt skref til baka og tvö áfram

Feðraorlof hefur sett svip sinn á Ísland: Slökkviliðið í Reykjavík verður að ráða fleiri til starfa. Smám saman fer að draga úr launamisrétti kynjanna. En atvinnurekendur eru byrjaðir að segja körlum upp sem vilja vera heima. Eitt framlag til jafnréttismála sem væntanlega er neikvætt.

Í karlaheimi slökkviliðsins saúst afleiðingar feðraorlofs strax. Um leið og fyrstu pabbamánuðirnir gengu í gildi árið 2001 tóku svo margir slökkviliðsmenn feðraorlof að slökkviliðið varð að fara fram á aukafjárveitingu frá sveitarfélaginu til að geta mannað vaktirnar og geta sinnt brunavörnum höfuðborgarinnar. Þegar slökkviliðsstjórinn lagði inn umsókn um aukafjárveitingu birtist grínmynd í dagblaði þar sem borgarstjóri er að útbíta verjum til slökkviliðsmanna með þeim orðum að þeir verði að hafa betri hemil á slöngunum.

Borgarstjóri brást við þessu og haldi slökkviliðsmönnum fyrir að sinna bæði starfi sínu og fjölskyldu með sóma. "Síðan höfum við ráðið fleiri starfsmenn og fjölgað á vöktum til að hlaupa í skarðið fyrir þá sem eru í orlofi" segir yfirmaður almannavarna í Reykjavík, Birgir Finnsson.

Við sameiningu slökkviliðanna í sjö sveitarfélögum árið 2000 var Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins stofnað. Við sameininguna fóru margir á eftirlaun og nýir menn hafa verið ráðnir. Meðalaldur starfsmanna hefur því lækkað og óvenju margir eru á þeim aldri sem menn eru að koma sér upp fjölskyldu.

Þegar SKTF-blaðið kom í heimsókn voru rúmlega 20, eða rúmlega 10% slökkviliðsmanna í fæðingarorlofi. "Það er erfitt fyrir okkur að ákveða hvenær starfsmenn eiga að verða feður. En við verðum að leysa úr því, þeir eiga sinn rétt til orlofs" segir slökkviliðsstjórinn Jón Viðar Matthíasson. Samkvæmt könnun er viðhorf meirihluta atvinnurekenda jákvætt í garð laganna um feðraorlof (74%) "Enn eru til atvinnurekendur sem ekki trúa því að feður vilji vera heima

og annast börnin sín, en það er afar sjaldan sem menn lenda í vandræðum með að taka orlofið út,” segir Ingólfur Gíslason sérfræðingur um jafnrétti.

Samtök verslunarmanna hafa hringt viðvörunarbjöllum og bent á að æ fleiri atvinnurekendur segi nú upp körlum fyrir að vilja taka út feðraorlof. “Maður verður dálítið tvíbetur. Þetta er nokkuð sem áður bitnaði eingöngu á konum. Nú hefur jafnréttið aukist, en þetta er nokkuð sem ætti að hverfa”.

Ingólfur Gíslason bendir á að um leið og æ fleiri feður taka út feðraorlof munu ástæður atvinnurekenda til að komast hjá að ráða konur til starfa hverfa.

Árni Magnússon félagsmálaráðherra telur að markmið um aukið jafnrétti á vinnumarkaði muni nást innan tíðar. “Þegar menn verða að ganga út frá því

að karlar muni taka fæðingarorlof mun ekki skipta máli í þessu tilliti hvort menn ráði karl eð konu til starfa. Nú þegar virðist okkur laun kvenna hækka meira en karla” segir hann.

Ráðherra vísar hér í útreikning Tryggingastofnunar sem byggist á tekjum þeirra sem taka fæðingarorlof. Í því sambandi hafa laun kvenna sem hlutfall af launum karla hækkað úr 58% árið 2001 í 62% árið 2003.

“Ég þori ekki að halda því fram sem fræðimaður að þessi minnkun á launum kynjanna sé tilkomin vegna breytinganna, en ég tel að sú verði raunin þegar til lengri tíma er litið” segir Ingólfur.

Hvers vegna?


“Atvinnurekendur líta svo á í dag að konur séu ótryggari starfskraftur en karlar. Konur eiga það til að hverfa af vinnumarkaðnum þegar þær eignast

barn og þá taka þær við flestum skyldum heimilisins. Ef meiri jöfnuður verður munu atvinnurekendur líta á karla og konur sem jafn “ótryggan” starfskraft.

Hallveig Thordarson, deildarstjóri Tryggingastofnunar, bendir á að almennt eru menn afar jákvæðir í garð þessara breytinga. Hún telur líka að þær muni hafa mikil áhrif á stöðu jafnréttismála og styrki stöðu kvenna á vinnumarkaðnum.


“Þegar það kemur í ljós að feður taka fæðingarorlof jafnt og mæður, þá mun konum ekki lengur verða mismunad á þeim forsendum eins og áður. Menn vita að konur hætta að eiga börn á ákveðnum aldri. Sama verður ekki sagt um karlana...”

Samanburður á fæðingarorlofi á norðurlöndunum



Þessar myndir eru teknar úr Fagbladet 3F, þar er viðtal við varaformann samtakanna Jane Korczak sem segist vera hlyntur því að danir fari eins að og íslendingar og sérmerki þrjá mánuði feðrunum í fæðingarorlofi.

Efri myndin sýnir hvernig fæðingarorlofsrétti er skipt á milli foreldra í hverju landi.



Neðri myndin sýnir hvernig fæðingarorlofsréttur er nýttur af foreldrum í hverju landi.

Verkefni unnið fyrir samninganefnd



Skýrsluhöfundarnir; Eirný Vals, Hallveig Andrésdóttir, Jakobína Þórðardóttir, Jóhannes B. Jóhannesson, Kjartan Már Mátsson og Ægir Rafn Ingólfsson.

menn annarra félaga, fyrrum og núverandi sáttasemjara og fleiri sem reynslu hafa af vinnu við kjarasamningsgerð. Hópurinn hefur nú þegar kynnt skýrsluna á opnum fundi í HÍ og fyrir samninganefnd St.Rv. Ég vil þakka samnemendum mínum úr hópnum sem unnu að gerð þessarar skýrslu af óbilandi áhuga og óeigingirni. Það er von mín að þessi vinna eigi eftir að skila samninganefndinni og samninganefndum félagsins einhverjum vísdómi sem þær geti nýtt sér í framtíðinni.

Síðastliðinn vetur átti ég þess kost að stunda nám með vinnu í Verkefnastjórnun og leiðtogaþjálfun við Endurmenntun HÍ. Í lokaverkefni námsins valdi hópurinn minn sér það verkefni að gera skýrslu um undirbúning kjarasamninga Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, samningatækni og hópefli.


Við vorum sex manna hópur sem unnum í þessu verkefni og samanlagður tími sem í verkefnið fór voru tæplega 1300 stundir.

Tilgangur verkefnisins var að kanna hvort aðferðir verkefnastjórnunar, hópefli og samningatækni Gavin Kennedy geti nýst samninganefnd St.Rv. við undirbúning og í kjarasamningsviðræðum og ef það væri niðurstaðan að koma með heildstæðar tillögur til samninganefndarinnar um framkvæmd.

Við vinnu þess var meðal annars haft gott samráð við formann félagsins og auk þess voru tekin áhugaverð viðtöl við forystu-

*Jakobína Þórðardóttir
varaformaður*

Nýr bæklingur um viðbrögð við áreitni og einelti



Nýverið hefur Reykjavíkurborg gefið út bækling um viðbrögð og fyrirbyggjandi aðgerðir á vinnustöðum Reykjavíkurborgar við áreitni og einelti.

Bæklingurinn hefst á ávarpi borgarstjóra, þar sem hann bendir á mikilvægi þess að svið og stofnanir borgarinnar móti skýrt verklag um viðbrögð við áreitni, einelti og kynferðilegri áreitni og kynni rækilega fyrir starfsfólki. Í bæklingnum er svo lýst í hverju einelti, áreitni og kynferðisleg áreitni felst. Hvernig við aðgreinum einelti og áreitni frá ágreiningi og hagsmunaárekstrum. Afleiðingar eineltis og áreitni. Viðbrögð starfsmanns og yfirmanns. Fyrirbyggjandi aðgerðir og samábyrgð starfsmanna.

Rakel Heiðmarsdóttir mannaúdráðgjafi í Kjarapróunardeild kom á fund fulltrúaráðs og kynnti nýútkominn bækling fyrir trúnaðarmönnum og fulltrúum félagsins, en oft er leitað til trúnaðarmanna og félagsins vegna slíkra mála.

Bæklingurinn tel ég að ætti að vera til á hverjum vinnustað. Vonandi mun hann vekja fólk til umhugsunar og verða vinnustöðum hjálparhella til þess að fyrirbyggja einelti og áreitni á vinnustöðum.

J.Þ.

Dagsferð á suðurnesin

*Fyrirhuguð er ferð eftirlaunahóps félagsins á suðurnesin.
Lagt verður af stað frá Grettisgötu 89 með rútu
kl. 10 þriðjudaginn 28. júní.*

*Verði í ferðina verður stillt í hóf.
Skráning fyrir 22. júní.
Allar nánari upplýsingar eru veittar
á skrifstofu félagsins í síma 525-8330*



Ennþá laus orlofshús!

Félagsmenn eru hvattir til þess að hafa samband við skrifstofu félagsins, í síma 525-8330 eða netfangið strv@bsrb.is, til þess að fá upplýsingar um laus orlofshús.



Vinnustaðarheimsókn á Leikskóla Reykjavíkur



Hrafnhildur og Bertha andlit stofnunarinnar, í afgreiðslunni



Á fjármáladeild eru þær Guðríður, Hafdis og Margrét



Laura Bergs ritari framkvæmdastjóra

Fréttabréfið heimsækir að þessu sinni Leikskóla Reykjavíkur enda ekki seinna vænna þar sem þetta eru síðustu mánuðir þessa vinnustaðar í núverandi mynd. Leikskólar Reykjavíkur eru með höfuðstöðvar í Hafnarhúsinu Tryggvagötu 17. Þar starfa rúmlega 40 manns.

Það starf sem þar fer fram er öll stjórnsýsla og stöðdeildir er varða leikskóla, gæsluleikvelli og starfsmenn þeirra, auk þess hafa Leikskólar Reykjavíkur eftirlitsskyldu gagnvart dagmæðrum og halda utan um vistun barna hjá dagmæðrum/foreldrum.

Þær breytingar verða nú í júní að skrifstofum leikskólanna verður lokað og starfsemin flyst annars vegar út í hverfamiðstöðvarnar og hins vegar á sameiginlega skrifstofu fyrir grunn- og leikskóla, það er á nýtt Menntasvið borgarinnar, sem verður staðsett í núverandi húsnæði Fræðslumiðstöðvar.

Það var nokkuð létt yfir starfshópnum þrátt fyrir þá óvissu sem er framundan hjá mörgum af starfsmönnum skrifstofunnar. Stór hluti starfshópsins er að fara í skemmtiferð til Madrid í lok langs samstarfs.



Margrét Vallý yfirmaður fagsviðs



Linda Elíasar vinnur á innheimtudeild



Anna Hermannsdóttir, Borgar og Dröfn á starfsmannasviði



Garðar skrifstofustjóri og Hallur á fjármálasviði



Bergur Felixson, framkvæmdastjóri Leikskóla Reykjavíkur



Elísabet og Helga eru í innritunardeildinni



Linda Þormóds á tölvudeildinni



Sigrún Kristjáns starfar á ráðgjafa og sálfræðideild



**Á launadeildinni starfa þær
Maggý og Sigurrós**

Ferðalag til Palestínu

Garðar Hilmarsson segir frá



Þarna fyrir framan vegginn, sem aðskilur svæði palestínnumanna og Ísraelsa eru þau Jónína Bjartmarz, Ingibjörg, Svala Norðdahl, Borgþór Kjærnested, Hilmar Harðarson, Þuríður Backman, Jón Bjarnason, Magnús Þór Hafsteinsson og Guðrún Ögmundsdóttir.

Um síðastliðna páska var ég með félögum mínum í verkalyðshreyfingunni ásamt nokkrum þingmönnum á ferð í Palestínu.

Ferðin var farin á vegum Ísland Palestínu og var fararstjóri í ferðinni Borgþór Kjærnested. Um leið og ég þakka Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar fyrir stuðning þess við ferð mína, þá langar mig að fara örfáum orðum um þessa upplifun. Erindi ferðarinnar var að kynna okkur ástandið í Palestínu. Við hittum fulltrúa ýmissa hópa í ferðinni. Friðargæsluliða, fólk sem starfar að heilbrigðismálum, trúarleiðtoga, stjórn-málamenn og fleiri. Ekki síst venjulegt fólk sem býr við þær aðstæður sem nú eru í Palestínu.

Við fórum m.a. til palestínsku borgarinnar Hebron. Hún er á því svæði Palestínu sem jafnan er kallað Vesturbakkinn. Þarna hittum við norska og svissneska fulltrúa fjölþjóðlegrar friðargæslu sem hefur það hlutverk að reyna að sjá til þess að menn haldi friðinn í þessari borg vegna ísraelsku "landnemanna" sem hafa hreiðrað um sig í borginni. Þetta gera þeir undir verndarvæng ísraelska hersins sem gætir þeirra vel. Ísraelsk víghreiður og vegatálmur eru inn í borgina þar sem

ísraelskir hermenn, gráir fyrir járnum, eru til að vernda þessar byggðir sem eru í borginni, sem er að öðru leyti byggð Palestínnumönnum. Í raun hafa ísraelsmenn tögl og haldir í borginni þar sem þeir ráða umferð til og frá henni og innan hennar. Norsku friðargæsluliðarnir sögðu að ísraelski herinn hefði lamað lögreglu Palestínnumanna í borginni fyrir nokkrum misserum. Þeir tóku vopnin af þeim og eyðilögðu öll þeirra fjarskiptatæki. Svo tala Ísraelsmenn um að Palestínnumenn haldi ekki uppi röð og reglu. Ofan á einu palestínsku einbýlishúsi, þar sem búa hjón með sex ung börn og liggur þétt við hús ísraelsku "landnemanna", hefur hernámshliðið komið sér upp varðturni með vélbyssu, sandpokum og felunetum.

Við gengum um þröngar og ævafornar götur þar sem Palestínnumenn hafa búið um aldir. Þar sem verið höfðu litlar krambúðir, verkstæði og önnur smáfyrirtæki höfðu Ísraelsmenn flutt inn á hæðirnar fyrir ofan og flestir Palestínnumenn hafa flæmst á brott. Augljóst er að hlandflöskurnar í garðinum sem við sáum eru dæmi um það hvernig Palestínnumenn eru niðurlægðir í sínu eigin landi.

Hérna sjáum við hvernig Ísraels-

mennirnir kasta sorpi út um glugga á íbúðum sínum, niður á götu Palestínnumanna fyrir neðan. Til að forðast meiðsli við að fá sorpið í höfuðið, þá hafa Palestínnumenn strengt vírnet yfir götuna en það minnkar ekki sóðaskapinn því nú er ruslið yfir höfði þeirra sem ganga undir og erfiðara að ná til þess og hreinsa.

Við urðum fyrir grjótkasti þar sem við gengum í fylgd með friðargæsluliðum. Við heyrðum grjótið skella á steinlagðri götunni og húsum við hana. Eitt okkar er hæft í fótinn en fær ekki skaða af. Sumir steinarnir eru stórir hnullungar á stærð við sítrónur. Við heyrum hróp og köll og áttum okkur brátt á því að grjótinu var kastað frá leikvelli "landnema" barna sem staðsettur er á flötu húspaki í grennd við okkur. Við sjáum bregða fyrir krökkum og fullorðnum karlmönnum. Friðargæsluliðarnir sem fylgja okkur kalla í ísraelska hermenn sem eru með vígi á þessu sama þaki. Þá fyrst fara þeir og stugga við krökkunum.

Einnig fórum við til Ramallah. Þar hafði Jasser Arafat forseti Palestínu aðsetur síðustu ár sín. Þangað hefði ekki átt að vera nema hálf tíma akstur frá Jerúsalem, en vegna vegatálmanna tekur það í raun mun lengri tíma.



Gömul verslunargata í Hebron, þar sem ruslið liggur ofan á netinu.

Ísraelsmenn stjórna allri umferð til og frá borginni með harðri hendi. Palestínumenn sem þurfa að komast á milli taka leigubíl að vegatálm-unum/varðstöðinni og ganga með vissu millibili að hermönnum og eftir rannsókn á skilríkjum og fleiru sem hermönnum dettur í hug, og ef þau komast í gegn, þá þurfa þau að ná sér í bíl handan við vegatálmann.

Við sjáum Múrinn í návígi. "Aðskilnaðar-", eða "Apartheitmúrinn" eins og Palestínumenn kalla hann. Ísraelsmenn vilja kalla hann "Friðarmúrinn". Ísraelsmenn eru að reisa þennan múr umhverfis byggðir Palestínumanna á Vesturbakkanum. Þannig ætla þeir hreinlega að skilja Palestínumenn frá byggðum Ísraels. Fram til þessa hefur maður verið í þeirri trú að ætlunin væri að reisa múrinn meðfram landamærum Palestínu. Í raun eru Ísraelsmenn að reisa múrinn inni í sjálfri Palestínu, auk þess að koma honum upp á landamærunum.

Þetta er ógnvekjandi mannvirki, þó það sé enn í byggingu umhverfis Ramallah og reyndar víðar á Vesturbakkanum. Hann er settur saman úr tíu metra háum forsteyptum einingum sem ræðað er saman. Með ákveðnu millibili eru sennilega 15 metra háir varðturnar. Myndavélar eru með stuttu millibili sem fylgjast með mannaferðum við Múrinn. Þegar Múrinn verður fullgerður, verður

margra metra breitt belti fyrir framan hann Palestínumegin. Öllu er rutt burt til að skapa það. Húsum, gróðri og hverju sem er. Þarna verða settar niður gaddavirsgirðingar og fleira miður skemmtilegt. Með jöfnu millibili verða svo hlið sem grafin eru til háls undir múrinn. Gegnum þau eiga skriðdrekar og önnur vígtól að geta ekið til árasar inn á svæðin innan mürsins hvenær sem þurfa þykir. Allri umferð fólks um múrinn verður stýrt af Ísraelsmönnum. Palestínumenn ráða ekki yfir neinum flugvöllum og eru algerlega háðir vegum sem liggja gegnum Ísrael til að komast í samband við umheiminn. Með Múrnum eru Ísraelsmenn í raun og veru að taka alla palestínsku þjóðina í gíslingu. Að setja hana í herkví til eilífðarnóns.

Ísraelsmenn bita svo höfuðið af skömminni með því að reisa Múrinn alfarið á landi Palestínumanna. Þeirra land er tekið af þeim og notað undir þessa svírindu sem dæmd hefur verið ólögleg samkvæmt alþjóðalögum.

Vegatálmur hafa leitt til þess að borgin er einangruð. Fólk sem þarf að komast undir hendur lækna annars staðar, getur það ekki. Vegatálmur geta verið lokaðir, eru það t.d. á nóttinni. Fólk hefur dáið vegna tafa af þessum sökum. Mörg dæmi eru um að konur hafi þurft að fæða börn sín við vegatálma vegna þess að Ísraelsmenn töfðu eða neituðu að hleypha bílum í gegn.

Síðar um daginn hittum við foringja verkalyðshreyfingarinnar í Ramallah, þar á meðal eina konu. Þau segja okkur frá því að mikið atvinnuleysi sé í gangi, allt upp í og jafnvel yfir 40% meðal Palestínumanna. Ferðatálmanir á milli allra þéttbýlisstaða og aðrar viðskiptahindranir hafa í raun lamað atvinnu- og viðskiptalíf í landinu.

Okkur er boðið heim til eins verkalyðsforingjans í kaffi. Hann hefur sex sinnum verið fangelsaður af Ísraelsmönnum og í sex mánuði í hvert skipti. Hann tjáir okkur að ísraelsk lög heimili að fangelsa megi Palestínumenn án dóms og laga í hálf ár í senn, eins oft og yfirvöldum dettur í hug. Við förum til Nablus, sem er í fallegum dal norður af Jerúsalem. Þessi borg telur um 200.000 manns.

Ísraelsmenn loka öllum útgönguleiðum úr Nablus um leið og dimmir á kvöldin. Palestínumenn eru fangar í eigin borg. Við gistum því í borginni og notum fyrri partinn til að skoða okkur um. Förum í flóttamannabúðir sem Sameinuðu þjóðirnar hafa rekið þar síðan árið 1948. Þangað kom fólk sem hraktist undan Ísraelsher í fyrsta stríðinu á þessu svæði eftir að ákveðið var að stofnað skyldi sérstakt Ísraelsríki í Palestínu. Enn búa þarna Palestínumenn sem flúið hafa undan Ísraelsmönnum. Fátæktin er mikil. Fólk þyrir í hálfgerðum kofum og á sér litla eða enga von.

Gangandi um flóttamannabúðirnar sjáum við uppi á hæð í fjarlægð ísraelska "landnema"byggð. Þetta eru nýbyggð hús, gul á litinn og með rauðu þaki. Þannig eru þau flest. Nær allar byggðir "landnema" í Palestínu sem á annað borð eru ekki inni í borgum, eiga það sameiginlegt að vera settar upp efst á hæðum vítt og breitt um landsbyggðina. Sennilega eru Ísraelsmenn öruggari um sig þar sem þeir geta trónað ofar öllum. Það er líka erfiðara að sækja upp í móti. Svo hlýtur það líka að hafa ákveðin sálræn áhrif að hreykja sér yfir Palestínumennina með þessum hætti.

Einnig heimsóttum við borgina Qualqilia, með 90.000 íbúa sem er um þrjá kílómetra austan við ísraelsku borgina Tel Aviv. Þar áttum við fund með borgarstjóranum sem lýsir aðstæðum borgarbúa og samskiptum við herrapjóðina. Veginum milli

Framhald bls 16



Parna sést hvernig palestínunum þurfa að fara í gegn um varðstöðvar í sínu eigin landi.

Qalqilia og Tel Aviv hefur verið lokað með tíu metra háum Múr. Áður tók tíu mínútur að komast á milli. Nú tekur það að lágmarki tvo tíma. Múrin hefur valdið gríðarlegu tjóni fyrir íbúa Qalqilia. Þeir geta ekki lengur ferðast um sem frjálst fólk í eigin landi. Borgarstjórinn segir okkur að Ísraelsmenn hafi markvisst þjarmað að Qualqilia um margra ára skeið. Undir borginni er að finna mestu grunnvatnsbirgðir Palestínu. Talið er að þær geymi um helming alls vatns á þessu svæði. Borgarstjórinn segir að Ísraelsmenn stundi það að stela vatninu til eigin nota. Um fjórðungur af vatnsnotkun þeirra

komi frá þessu svæði. Palestínunum þurfa að safna birgðum til að nota þegar Ísrelsmenn telja sig þurfa að spara vatn eða refsa þeim. Þá skrúfa þeir fyrir vatnið til Palestínumanna. Við heimsóttum Gólanhæðirnar og bæinn Mjdal shams, hittum við fulltrúa fólksins sem hefur búið í Gólanhæðum frá örófi alda. Þetta fólk er af þjóðflokki drúsa, en það eru bændur og hirðingjar. Það lítur á sig sem Sýrlendinga og hafnar allri viðleitni ísraelsmanna til innlimunar í ísraelska ríkið. Drúsarnir hafa þurft að þola marga raun síðan ógæfan dundi yfir árið 1967. Þá voru þeir um 130.000 í Gólanhæðum. Alls voru um 140 þorp

og bæir á þessu svæði. Nú eru Drúsarnir í Gólanhæðum aðeins um 20.000 talsins. Einungis fjögur þorp og bæir eru eftir, öll í grennd við sýrlensku landamærin.

Þegar spurt er af hverju Ísrael skili ekki aftur Gólanhæðunum þá tala þeir um öryggismál. Sennilegri skýring er þó að Gólanhæðir er mikilvægt úrkomusvæði þar sem snjór og rigning útvega vatn fyrir landsvæðin í Ísrael og Palestínu. Vatn er dýrmætasta auðlind Miðausturlanda og grundvöllur alls lífs.

Við urðum vör við að Ísrael er land óttans. Fólk er alltaf að bíða eftir næstu árás. Í Jerúsalem fórum við í verslunarmiðstöð, þar voru vopnaðir hermenn út um allt og leitað í bílum þegar þeir fara inn á staðin og á fólk þegar það fer inn í miðstöðina. Ísraelsmenn finna sig öruggari þar en í opnum verslunargötum.

Þessi ferð var mikill lærdómur, og gaf aðra mynd og verri heldur en maður fær í fréttum. Sérstaklega hvernig þessar aðstæður sem gegnumsýra daglegt líf íbúa Palestínu sem ekki er hægt og ekki næst að sýna í fréttatíma sjónvarpsstöðva. Enda eru þetta aðstæður sem ekki næst að sýna í fimm mínútna fréttaskoti. Þetta ástand þarf að upplifa til að skilja.

***Garðar Hilmarsson
Starfsmaður félagsins
og í stjórn St.Rv.***

...Er ekki kominn tími til að

